

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2003, þriðjudaginn 9. desember var haldinn 24. fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1 og hófst kl. 9:00.

Viðstaddir voru Alfreð Þorsteinsson, Sveinn Kristinsson, Steinunn Valdís Óskarsdóttir, Guðlaugur Þór Þórðarson, Tryggvi Friðjónsson og Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir.

Auk þeirra sátu fundinn forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur, aðstoðarforstjórar og fleiri starfsmenn Orkuveitunnar.

Fundarritari var Ólafur Jónsson.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram og kynnt skýrsla um mat á umhverfisáhrifum vegna virkjunar á Hellisheiði dags. í nóvember 2003.
2. Lögð fram drög að stefnumótun um áhættustýringu. Á fundinn komu fulltrúar frá Ráðgjöf og efnahagsspám e.h.f. og skýrðu drögin. Frestað.
3. Lögð fram drög að samkomulagi við Hitaveitu Suðurnesja varðandi orkusölu til Norðuráls. Samþykkt.
4. Lögð fram umsögn framkvæmdastjóra lögfræðisviðs Orkuveitu Reykjavíkur dags. 7. þ.m. um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á orkusviði. Stjórnin samþykkti umsögnina og að senda hana iðnaðarnefnd Alþingis.
5. Lögð fram drög að nýrri reglugerð um Orkuveitu Reykjavíkur. Frestað.
6. Lögð fram drög að nýjum sameignarsamningi fyrir Orkuveitu Reykjavíkur. Frestað.
7. Lögð fram að nýju fjárhags- og starfsáætlun Orkuveitu Reykjavíkur 2004, sem frestað var á síðasta fundi. Samþykkt.
8. Lagt fram bréf Ásgeirs Margeirssonar aðstoðarforstjóra frá 4. þ.m. varðandi sameiningu dótturfélaga við OR og slit á félögum. Hitaveita Þorlákshafnar og Rafmagnslína e.h.f. verði sameinuð, en Hitaveitu Norðdælinga og Hitaveitu Hlíðarmanna slitið. Samþykkt með 3 atkv. gegn 2. Jafnframt samþykkt að fela framkvæmdastjóra lögfræðisviðs að ganga frá slitum félaganna og undirritun nauðsynlegra skjala þar að lútandi.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svofellda bókun:

Staðfesting á skipbroti

Í júnímánuði árið 1999 flutti borgarfulltrúi Samfylkingarinnar tillögu um að stofna fyrirtækið Línu.net. Hugmyndin var að flytja tölvuboð í gegnum rafmagnslínur. Stóryrðin voru ekki spöruð og fullyrt var í ræðu í borgarstjórn að tæknin myndi “margfalda þann hraða sem Reykvíkingar munu fara inn í upplýsingaöldina”. Staðhæft var að málið hafi verið “þaulkannað” markaðslega og tæknilega og hér yrði á ferðinni “ágætlega arðbært fyrirtæki” eins og það var orðað. Í borgarstjórninni var það kynnt að kostnaðurinn væri ekki umtalsverður þar sem að ekki yrði sett nema allt að 200 milljónum í fyrirtækið sem að seinna átti að verða almenningshlutafélag með dreifðri eignaraðild.

Það er skemmst frá því að segja að ekkert af þessu gekk eftir og Línu.net ævintýrið er búið að kosta eigendur OR þúsundir milljónir króna. Línu.net er búið að skipast upp í Tetra-Ísland, Rafmagnslínu og Línu.net. Orkuveitan er búið að “yfirtaka” ljósleiðarann og mestan part af skuldum Línu.net.

Nú hefur Rafmagnslína sem hefur upphaflegt hlutverk Línu.net þar er að flytja tölvuboð í gegnum rafmagnslínur verið tekið yfir af Orkuveitunni. Rekstrartekjur þess fyrir árið 2002 var 13 milljónir en rekstrargjöld án fjármagnsgjalda 29 milljónir. Skuldir voru yfir 180 milljónir króna. Þar með er enn einum sorgarkaflanum lokið í sögu þessara ævintýrafjárfestinga og enn er Orkuveitan látin bera kostnaðinn.

Fulltrúar sjálfstæðismanna telja það ekki hlutverk Orkuveitunnar að standa í slíku rekstri.

Fulltrúar sjálfstæðismanna í stjórn OR fara fram á skriflega greinagerð um stöðu Tetra-Íslands fyrir mánaðarlok.

Formaður stjórnar óskaði að bókað yrði:

Fulltrúar sjálfstæðismanna í stjórn OR eru því miður haldnir þráhyggju varðandi fjarskiptastarfsemi OR og virðast ekki átta sig á þeim sóknarmöguleikum sem felast í slíkri starfsemi.

Reykvíkingar hafa farið mun hraðar inn í upplýsingaöldina vegna tilkomu fjórðu veitu OR og hefur aðgangur höfuðborgarbúa að gagnaflutningum stóraukist með tilkomu hennar. Einnig hafa verð lækkað verulega eftir að fjórða veitan kom til.

Fjórða veitan er einn grundvöllurinn að samkeppni á símamarkaði hér á landi. Viðskiptavinum Fjöltengis OR hefur einnig fjölgað um helming á einu ári og virðist vinsæll valkostur.

Orkuveitu um allan heim hafa haslað sér völl á sviði gagnaflutninga, eins og fram kom á nýlegri ráðstefnu Digital Reykjavík nýverið. Það væri

sérkennilegt ef OR nýtti ekki þá möguleika sem í því felst líkt og veitur gera í öðrum löndum.

9. Forstjóri skýrði frá viðræðum við eigendur Hagavíkur um kaup á fjallendi jarðarinnar.
10. Lagt fram bréf Ásgeirs Margeirssonar aðstoðarforstjóra frá 4. þ.m. varðandi endurskoðun gjaldskrá ásamt drögum að nýrri gjaldskrá og söluskilmálum. Stjórnin samþykkti framlagða gjaldskrá og óska eftir staðfestingu Iðnaðarráðuneytis og birtingu hennar í Stjórnartíðindum. Samþykkt.
11. Forstjóri minnti á fyrirhugaða heimsókn til Norðuráls.
12. Lögð fram gögn varðandi vinnufund í janúarmánuði.
13. Rætt um sölu Eirhöfðans.
14. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins óska eftir að fá skýrslu um Tetra – Ísland.

Fundi slitið kl. 11:10

Alfreð Þorsteinsson,
Guðlaugur Þór Þórðarson, Steinunn Valdís Óskarsdóttir, Sveinn Kristinsson,
Tryggvi Friðjónsson og Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir.

Eftir að fundargerð hafði verið frágengin barst eftirfarandi bókun frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni vegna 8. liðar fundargerðarinnar.

Það er sorglegt til að vita að svo virðist sem stjórnarformaður OR skilji ekki málið. Þó virðist menn innan vinstri meirihlutans í auknu mæli farnir að átta sig á alvöru málsins og athygli vekur að fulltrúi Vinstri grænna treystir sér ekki til að standa að samþykkt meirihluta stjórnar.

Þær fullyrðingar sem raktar eru í bókun stjórnarformanns standast ekki skoðun eins og margoft hefur verið bent á og það er alveg ljóst að engar áætlanir um uppbyggingu Línu.nets hafa staðist. Ef sú væri raunin væri málið ekki á dagskrá fundarins.